

1. júní 2021, Ályktun frá fagráði Landspítala

Mönnun yfir sumartímann er alltaf áskorun á Landspítala. Á hverju ári þarf að draga úr þjónustu svo hægt sé að veita starfsfólki lögbundið sumarfrí.

Sumarið 2021 verða að meðaltali lokuð 67 rúm á Landspítala en í mestu lokununum verða um 102 rúm lokuð, 16% af heildarrúmafjölda. Að meðaltali verða 12 fleiri rúm lokuð á hverjum tíma heldur en á sama tíma árið 2020.

Nefna má að rúmum í krabbameinsþjónustu verður fækkað um 20% í rúmar 4 vikur í sumar, en rúmanýting þar var 95% í apríl. Augljóst er að þetta er reikningsdæmi sem gengur ekki upp, sjúklingar munu þurfa þjónustuna samt sem áður.

Það sem gerist þegar rúmum er fækkað er að sjúklingar sem leita á bráðamóttöku og þurfa innlögn, neyðast til að dvelja langdvölum á bráðamóttöku þar sem ekkert pláss er á legudeildum. Í lok maí 2021 eru á hverjum tíma yfir 15 sjúklingar innliggjandi á bráðamóttöku eingöngu vegna þess að pláss skortir á legudeildum. Sumarlokanir hafa þó ekki enn komið til framkvæmda.

Af þessu má ráða að mönnun á Landspítala sumarið 2021 er heldur verri en árið 2020 og birtist vandinn þvert á bæði stofnun og fagstéttir.

Bráðamóttaka Landspítala fer ekki varhluta af þessum mönnunarvanda. Þar er þó aldrei hægt að draga úr starfsemi. Sérfræðilæknar í bráðalækningum hafa sent fagráði Landspítala formlegt erindi þar sem þau benda á að mönnun þeirra í sumar mun ekki ná að uppfylla kröfur um lágmarksmönnun í verkfalli. Þau hafa lýst yfir áhyggjum af því að ekki verði hægt að tryggja öryggi sjúklinga við þessar aðstæður. Fagráðið tekur sannarlega undir áhyggjur þeirra.

Fagráð minnir á að í 11. grein reglugerðar nr. 786/2007 um eftirlit Landlæknis með rekstri heilbrigðisþjónustu og faglegar lágmarkskröfur kemur fram að „Fjöldi heilbrigðisstarfsmanna skal taka mið af umfangi og eðli þjónustunnar og aðstæðum hverju sinni”.

Landspítali er ein heild. Þegar dregið er úr þjónustu á einum stað hefur það áhrif annars staðar. Sumarlokanir og sumarafleysingar leysa sumarleyfi starfsmanna á einhverjum deildum en það er ljóst að álag mun aukast á annars staðar í kjölfarið. Það stangast því á við fyrrgreinda reglugerð, fjöldi heilbrigðisstarfsmanna tekur ekki mið af umfangi og eðli þjónustunnar þar sem færri starfsmenn eru starfandi á þeim deildum þegar álag á þeim eykst.

Sem fyrr munu nemar í heilbrigðisfræðum starfa á spítalanum í sumar. Fagráð minnir á að nemar í heilbrigðisfræðum eru ekki fullgildir starfsmenn og þurfa eftirlit og stuðning reynds starfsfólks, yfir sumartímann sem og á öðrum tímum árs. Ábyrgð þessa reynda starfsfólks er því umtalsverð og til þess fallin að auka álag á það.

Fagráð hvetur framkvæmdastjórn Landspítala til að leita allra leiða til að tryggja lágmarksfjölda heilbrigðisstarfsfólks á öllum starfsstöðvum spítalans í sumar.

Fyrir hönd fagráðs Landspítala

Marta Jóns Hjördísardóttir

Marta Jóns Hjördísardóttir
formaður